



Háskóli Íslands: Félagráðgjöf

## **Rannsókn á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa 2002**

Volunteer Investment and Value Audit (VIVA)  
Unnið fyrir Rauða kross Íslands

Desember 2003

Steinunn Hrafnadóttir

Hildur Bergsdóttir

## Efnisyfirlit

Myndir.....	2
Töflur.....	3
1. Inngangur .....	4
2. VIVA aðferðin.....	4
2.1 Notagildi og gagnsemi VIVA .....	5
3. Framkvæmd VIVA á Íslandi .....	6
3.1 Markmið og rannsóknaspurningar .....	6
3.2 Úrtak og svarshlutfall .....	6
3.3 Aðferðir til upplýsingaöflunar.....	7
4. Fjárfesting í sjálfböðastörfum .....	9
4.1 Heildarkostnaður við sjálfböðastarf .....	9
4.2 Kostnaður svæða við sjálfböðastarf .....	11
5. Framlag sjálfböðaliða innanlandsstarfs Rauða krossins.....	11
5.1 Fjöldi sjálfböðaliða hjá innanlandsdeildum Rauða kross Íslands. ....	12
5.2 Framlag sjálfböðaliða .....	12
5.3. Framlag sjálfböðaliða eftir svæðum .....	13
5.4. Efnahagslegt gildi sjálfböðastarfa eftir verkefnum .....	14
5.5 Efnahagslegt gildi eftir svæðum.....	15
6. VIVA hlutfall .....	16
7. Lokaorð .....	17
Heimildir .....	19
Viðauki 1 .....	20
Viðauki 2 .....	21
Viðauki 3 .....	27

## **Myndir**

Mynd 1: Dreifing kostnaðar á útgjaldaliði.....	9
Mynd 2: Dreifing kostnaðar eftir svæðum.....	10
Mynd 3: Klukkustundafjöldi og hlutfallsleg dreifing eftir sjálfböðaflokkum.....	12
Mynd 4: Klukkustundafjöldi og hlutfallsleg dreifing eftir svæðum.....	13
Mynd 5: Efnahagslegt gildi sjálfböðastarfa og hlutfallsleg dreifing eftir sjálfböðaflokkum...	14
Mynd 6: Efnahagslegt gildi sjálfböðastarfa og hlutfallsleg dreifing eftir svæðum.....	15

## Töflur

Tafla 1: Fjöldi deilda á svæðum og svarshlutfall.....	6
Tafla 2: Heiti sjálfböðaflokks, starf og tímavinnukaup.....	8
Tafla 3: Heildarkostnaður við sjálfböðastörf.....	8

# Rannsókn á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa

## Volunteer Investment and Value Audit. VIVA

### 1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur það fæst í vöxt að sjálfboðasamtök stuðli að rannsóknum til að meta framlag og efnahagslegt mikilvægi sjálfboðastarfa (Gaskin, 1999; Foster, 1997; Ironmonger, 2002). Ástæður fyrir því eru margvíslegar svo sem að draga fram í dagsljósið umfang sjálfboðastarfa og þýðingu þeirra fyrir samfélagið. Einnig er nú lögð aukin áhersla á samvinnu einkarekinna, opinberra og sjálfboðastofnana í velferðarþjónustu.

Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa hvatt til aukinnar samvinnu stjórnvalda við sjálfboðasamtök og bent á mikilvægi þess að þau komi að stefnumótun, áætlunargerð og framkvæmd velferðarmála (Steinunn Hrafnadóttir, 2003). Með auknum hlut sjálfboðasamtaka í þjónustu og stefnumótun hefur athyglin beinst að skilvirkni og ábyrgð sjálfboðasamtaka. Sjálfboðasamtök hafa meðal annars brugðist við með því að endurskoða starf sitt og sýna fram á mikilvægi þess í þjóðfélaginu.

Niðurstöður slíkra rannsókna eru notaðar til að sýna stjórnvöldum og almenningi fram á mikilvægi sjálfboðastarfa í þjóðfélaginu og gildi þess starfs sem fram fer innan samtakanna. Einnig við að skipuleggja á markvissan hátt störf sjálfboðaliða og til að bæta skráningu og vinna að samningargerð við stjórnvöld og aðra aðila.

Eitt þeirra mælitækja sem notað hefur verið til að meta gildi og efnahagslegt framlag sjálfboðastarfa er VIVA (The Volunteer Investment and Value Audit). Mælitækið var þróað af Dr. Katharine Gaskin hjá Institute for Volunteering Research í Bretlandi.

VIVA mælitækið hefur verið notað allt frá árinu 1995 af sjálfboðasamtökum í Bretlandi auk ýmissa samtaka í Evrópu og Norður-Ameríku. Aðferðin hefur verið notuð af danska og finnska Rauða krossinum. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans mælir með aðferðinni meðal landsfélaga sinna (Gaskin, 1999).

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður VIVA rannsóknarinnar fyrir árið 2002 hjá deildum Rauða kross Íslands. Fjallað er um VIVA aðferðina, framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi, fjárfestingu við sjálfboðastarf og framlag og efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman og tillögur gerðar að framtíðarrannsóknum með VIVA aðferðinni.

### 2. VIVA aðferðin

VIVA aðferðin er notuð til að aðstoða sjálfboðasamtök við að meta og þróa sjálfboðastörf sín. Með henni er tekinn saman allur kostnaður sem fylgir sjálfboðastarfi og lagt er fjárhagslegt mat á ólaunaða vinnu. Með aðferðinni er unnt að flokka sjálfboðastörf og meta hve margar klukkustundir á ári sjálfboðaliðar leggja af mörkum. Einnig eru sjálfboðastörfin metin til samsvarandi starfa á vinnumarkaði.

Með VIVA aðferðinni er hlutfall milli kostnaðar og framlags af sjálfböðastarfi borið saman með því að deila, því heildarfjármagni sem sjálfböðaliðar myndu fá ef um launaða vinnu væri að ræða (Total Volunteer Value) í heildarkostnað af sjálfböðastarfinu (Total Volunteer Investment). Með því móti er unnt að sýna fram á gildi hvernar krónu sem lögð er til sjálfböðastarfa og hversu mikið framlag sjálfböðaliðanna er. Það er að segja hver króna sem lögð er fram til að kosta sjálfböðastarf skilar sér í X krónum í formi afkasta sjálfböðaliða.

## ***2.1 Notagildi og gagnsemi VIVA***

VIVA aðferðin hefur reynst samtökum gagnleg á ýmsan hátt. Mörg þeirra hafa bætt skráningu er varðar rekstur og stjórnun, aukið framlag til sjálfböðastarfa, komið auga á þætti sem krefjast mikils kostnaðar, fengið viðbótar styrki og nýtt niðurstöður til kynningar á samtökunum og sjálfböðastarfi þeirra. Flokka má notagildi og gagnsemi VIVA aðferðarinnar á eftirfarandi hátt:

### ***Bætt skráning rekstrar og stjórnunar***

Með VIVA aðferðinni er unnt að:

greina grá svæði og ófullnægjandi upplýsingar um störf sjálfböðaliðanna  
kynna bættar leiðir til skráningar  
greina gögn um sundurliðaðan kostnað vegna sjálfböðaliðanna  
meta kostnað og ávinning af sjálfböðaaætlunum.

### ***Markviss skipulagning við þróun sjálfböðaaætlana og verkefna***

Með VIVA aðferðinni er unnt að:

fá nákvæmari upplýsingar um athafnir sjálfböðaliðanna  
gera nákvæmari fjárhagsáætlanir  
auka skilning á kostnaði og ávinningi af ólíkum tegundum sjálfböðastarfs  
gera áætlanir um útvíkkun sjálfböðastarfa og ný sjálfböðastörf.

### ***Laða að nýja sjálfböðaliða og halda í þá reyndari***

Með VIVA aðferðinni er unnt að:

viðurkenna sjálfböðastarf og hefja það til vegs og virðingar  
bjóða upp á fjölbreyttari og árangursríkari sjálfböðaliðaverkefni  
meta þjálfunarþörf og stuðning fyrir sjálfböðaliða  
leggja fram nákvæmari upplýsingar um kostnað af sjálfböðaliðum.

### ***Fjárfesting í formi sjálfböðaliða***

Með VIVA aðferðinni er unnt að:

sýna fram á arðsemi af fjárfestingum í sjálfböðastarfi  
færa á raunsannan hátt sönnur á gildi þess að fé sé veitt til sjálfböðastarfa  
skapa grundvöll fyrir tilboð og utanaðkomandi fjárveitingar í uppbyggingu sjálfböðastarfs  
greina skilvirkni sjálfböðadeilda.

### ***Utanaðkomandi fjárveitingar***

Með VIVA aðferðinni er unnt að:

nota tölur um gildi sjálfböðastarfs við samningsgerð  
auka nákvæmni í þjónustusamningsgerð  
laða að fjárveitingar frá fyrirtækum og úr viðskiptalífinu  
stuðla að því að fjármögnunaraðilar/styrktaraðilar skynji bætt eftirlit og ábyrgðarkennd.

### ***Almanna tengsl***

Með VIVA aðferðinni er unnt að:

sýna fram á fjárhagslegt gildi sjálfbóðastarfs

leggja áherslu á umfang og eðli sjálfbóðasamtaka

sýna fram á gildi þess starfs sem fer fram innan stofnunar

vera ábyrgari í augum almennings, styrktaraðila, fyrirtækja og stjórnvalda.

### **3. Framkvæmd VIVA á Íslandi**

Rannsóknin var unnin að frumkvæði Innanlandsskrifstofu Rauða krossins með ráðgjöf frá Dr. Katharine Gaskin. Hún var framkvæmd af Steinunni Hrafnadóttur, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og Hildi Bergsdóttur félagsráðgjafarnema. Ábyrgðaraðili Rauða kross Íslands var Konráð Kristjánsson, deildarstjóri sjálfbóðastarfs. Ákveðið var að nota VIVA aðferðina þar sem unnt er að framkvæma hana á tiltölulega stuttum tíma og mörg sjálfbóðasamtök hafa góða reynslu af notkun hennar.

#### ***3.1 Markmið og rannsóknaspurningar***

Markmið rannsóknarinnar er að meta framlag og efnahagslegt mikilvægi sjálfbóðastarfa í innanlandsstarfsemi Rauða kross Íslands (sjá nánari lýsingu á VIVA aðferð hér að framan). Talið var mikilvægt að draga fram í dagsljósið hversu umfangsmikið sjálfbóðastarf er í innanlandsstarfsemi Rauða krossins. Af ýmsum ástæðum gleymist oft framlag sjálfbóðaliða í samfélaginu. Því þarf að efla virðingu fyrir starfi þeirra og leggja áherslu á hversu mikilvægt það er. Einnig var álitnið þýðingarmikið að efla kostnaðarvitund um sjálfbóðastörf og greina hvar bæta mætti skráningu þeirra. Eftirfarandi spurningum er svarað með VIVA aðferðinni.

- Hversu mikill er kostnaður vegna stuðnings við sjálfbóðastarf?
- Hver er fjöldi sjálfbóðaliða?
- Hvers konar sjálfbóðastörf eru unnin?
- Hvert er markaðsvirði sjálfbóðastarfa, þegar klukkustundafjöldi þeirra er reiknaður til samsvarandi launa á vinnumarkaði?

#### ***3.2 Úrtak og svarshlutfall***

Árið 2002 var fengið leyfi til að framkvæma rannsóknina hjá Rauða krossinum. Einnig var öllum deildum kynnt með tölvupósti að til stæði að framkvæma VIVA rannsókn. Á seinni hluta árs 2002 var öllum formönnum og svæðisfulltrúum innanlandsdeilda Rauða kross Íslands sent bréf með kynningu á rannsókninni og matseyðublað ásamt leiðbeiningum til útfyllingar (sjá viðauka 1 og 2). Alls voru þetta 51 deild, auk þess sem Innanlandsskrifstofu Rauða kross Íslands var sent eyðublað. Eftir um það bil mánuð voru send ítrekunarbréf til allra deilda sem ekki höfðu svarað (sjá viðauka 3). Einnig hvatti yfirstjórn Innanlandsskrifstofu til þess að deildir svöruðu. Unnt var að svara skriflega en einnig með tölvupósti. Alls svöruðu 21 deild af 51 sem er 41.2 % svörun. Svörunin var best á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi. Á töflu 1 má sjá fjölda deilda á svæði og svarshlutfall á ólíkum svæðum. Ljóst er að svarshlutfall er mjög mismunandi eftir svæðum og ákjósanlegt hefði verið að fá hærra svarshlutfall. Þó má benda á að svörun var mest á höfuðborgarsvæðinu þar sem umfangsmesta starfsemin virðist fara

fram. Vera má að lítil starfsemi sé fyrir hendi hjá sumum þeirra deilda sem svöruðu ekki, þó það eigi ekki alls staðar við.

**Tafla 1: Fjöldi deilda á svæðum og svarshlutfall**

Svæði	Fjöldi deilda á svæði	Fjöldi deilda á svæði sem svarar	Svarshlutfall
Höfuðborgarsvæði	6	4	66.6%
Norðurland	13	6	46%
Austurland	11	5	45.4%
Vesturland	7	3	42.8%
Suðurland	8	2	25%
Vestfirðir	6	1	16.6%
<b>Alls</b>	<b>51</b>	<b>21</b>	<b>41.2%</b>

### 3.3 Aðferðir til upplýsingaöflunar

Til að safna gögnum voru notuð ensk matseyðublöð sem voru þýdd og staðfærð yfir á íslensku. (Sjá viðauka 2). Eyðublöðunum er skipt í tvennt:

- A) Útgjöld vegna sjálfböðastarfa svo sem launakostnaður vegna skipulags sjálfböðastarfs, auglýsingar og val á sjálfböðaliðum, þjálfun fyrir sjálfböðaliða, ferðakostnaður, kynningamál og húsnæðis- og annar rekstrarkostnaður.
- B) Gildi sjálfböðastarfa. Þar flokkast verkefni sjálfböðaliða, fjöldi klukkustunda sem sjálfböðastarf er unnið og fjöldi sjálfböðaliða.

Fyrir utan matseyðublöðin voru ýmsar aðrar leiðir notaðar við upplýsingaöflun. Ítarlegar leiðbeiningar fengust hjá Dr. Katharine Gaskin. Gagnabanki Inanlandsskrifstofu Rauða krossins yfir sjálfböðastörf var notaður. Einnig voru ársskýrslur fyrir árið 2002 hafðar til hliðsjónar.

Svarendum gafst kostur á að fá aðstoð og upplýsingar varðandi útfyllingu á eyðublöðunum og nýttu nokkrar deildir sér það.

Upplýsingar um fjölda sjálfböðaliða fengust með matseyðublöðum og úr gagnabanka Rauða krossins. Við flokkun á störfum sjálfböðaliða voru ársskýrslur, matseyðublöð og gagnabanki yfir sjálfböðastörf notaðar. Nokkrum erfiðleikum var bundið að meta þær klukkustundir sem sjálfböðaliðar unnu innan hvers flokks. En þar voru matseyðublöð og ársskýrslur notaðar. Auk þess var leitað viðbótarupplýsinga með símtölum. Alls 11 símtöl. Til að meta sjálfböðastörf til samsvarandi starfa á vinnumarkaði voru notaðar launakannanir frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur (VR) fyrir árið 2003<sup>1</sup> og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) fyrir árið 2002. Tekið var mið af meðaltali heildarlauna og 20% í laun og launatengd gjöld. Einnig voru notuð gögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis- og bæja fyrir árið 2002 fyrir þá sem unnu við fræðslu, fjáröflun, sjúkraflutninga og á bókasöfnum. Miðað var við heildarlaun með 45% vaktálagi. Sjálfböðastörfin voru flokkuð í:

<sup>1</sup> Ekki var gerð launakönnun hjá VR árið 2002



*Stjórnunar- og nefndarstörf:* Þar undir eru stjórnir deilda og seta í stjórnnum stofnana. Ýmsar nefndir og verkefnishópar svo sem neyðarnefnd, vinalínunefnd, bakhópur sjálfboðamiðstöðvar svo fátt eitt sé nefnt. Auk sjálfboðavinnu sem stjórnarmeðlimir sinna fyrir utan setu á fundum.

*Umönnunarstörf:* Í þeim felast meðal annars heimsóknarþjónusta, aðstoð við flóttamenn, sjúka, aldraða, geðfatlaða, fanga, börn og unglinga, trúnaðarsími og Rauðakrosshús/vinalína.

*Þjónustustörf:* Í þeim felast vinna á sjúklingabókasöfnum, sölubúðum í sjúkrahúsum, og afgreiðsla í fataverslun RKÍ.

*Neyðarvarnir- og skyndihjálpar:* Hér er um að ræða sjúkraflutninga, fjöldahjálpar og vaktir á ýmsum samkomum svo sem framhaldsskólaböllum og tónleikum.

*Fjáröflun:* Í henni felast ýmis konar átaksverkefni svo sem göngum til góðs, pennasala og önnur fjáröflun.

*Fræðslustarf:* Í þeim felast ýmis konar námskeið og fræðsla fyrir einstaklinga og hópa. Hér má nefna fræðslu um starfsemi Rauða krossins, námskeið í skyndihjálpar, námskeið fyrir barnfóstrur, námskeið um áfallahjálpar og námskeið fyrir sjálfboðaliða.

*Fatasöfnun, þökkun og framleiðsla:* Um er að ræða söfnun á notuðum fatnaði og flokkun hans. Fatnaðurinn er gefinn hjálparþurfi innanlands og utan. Hluti hans er seldur í Rauða kross búðinni. Ýmis konar handavinnuhópar sem annað hvort selja afraksturinn og nota til góðgerðastarfs eða senda afraksturinn til þeirra sem á þurfa að halda.

Nokkuð erfitt var að meta sjálfboðastörf til samsvarandi starfa á vinnumarkaði þar sem það er matsatriði hvernig störfín eru flokkuð. Í svipuðum rannsóknum sem gerðar hafa verið erlendis er misjafnt hvernig sjálfboðastörfín eru reiknuð til launa. Í VIVA rannsóknum sem gerðar hafa verið á meginlandi Evrópu voru notaðir mismunandi launaflokkar. Hjá Rauða krossinum í Danmörku voru notaðir mismunandi launaflokkar 1998 en árið 2000 var miðað við meðaltal heildarlauna á dönskum vinnumarkaði. Hjá Rauða krossinum í Finnlandi var einnig notað meðaltal heildarlauna á finnskum vinnumarkaði árið 2001. Í þessari rannsókn var álitid að raunsærri mynd fengist af framlaginu með því að nota mismunandi laun fyrir ólík sjálfboðastörf og því var sú leið farin hÉrlendis. Reynt var að finna störf á almennum vinnumarkaði sem bera mátti saman við þau verkefni sem sjálfboðaliðar unnu á vegum Rauða kross Íslands.

Á eftirfarandi töflu má sjá flokkun á sjálfboðastörfum og samsvarandi starf og tímakaup á vinnumarkaði.

**Tafla 2: Heiti sjálfboðaflokks, starf og tímavinnukaup**

Heiti sjálfboðaflokks	Starf	Tímavinnukaup
Stjórnir og nefndir	Deildarstjórar (VR)	1800 krónur
Umönnunarstörf	Sjúkraliðar (KOS)	1300 krónur
Þjónustustörf	Almenn sölustörf (VR) Störf á bókasöfnun (KOS)	1100 krónur 1300 krónur
Neyðarvarnir og skyndihjálp	Sjúkraflutningar (BSRB)	1300 krónur
Fjáröflun	Póstberar (BSRB)	1100 krónur
Fræðslustörf	Leiðbeinendur (BSRB)	1500 krónur
Fatasöfnun og flokkun	Framleiðsla og þökkun (VR)	1100 krónur

#### 4. Fjárfesting í sjálfboðastörfum

Fyrri hluti matseyðublaðsins er um kostnað af sjálfboðastarfi. Útgjöldin voru flokkuð niður í laun stjórnenda sjálfboðastarfs og aðstoðarfólks, auglýsingar og val á sjálfboðaliðum, kynningar og þjálfun fyrir sjálfboðaliða, ferðakostnað, útgjöld vegna stjórnarsýslu og stuðnings við sjálfboðaliða, búnað, gögn og veitingar sem sjálfboðaliðar fá að kostnaðarlausu, tryggingar, byggingar- og rekstrarkostnað og annan kostnað (sjá viðauka 2). Með þessari sundurliðun var markmiðið að kanna stærð útgjaldaliða og hversu mikill kostnaður fylgdi því að styðja við og viðhalda sjálfboðastarfinu.

##### 4.1 Heildarkostnaður við sjálfboðastarf


Sjálfboðastarfi fylgja útgjöld fyrir samtökin. Það þarf að skipuleggja sjálfboðastarfið svo það verði árangursríkt og nýtist þeim best sem á þurfa að halda. Í því skyni er nauðsynlegt að halda námskeið, hvetja sjálfboðaliða, styðja þá, þjálf þá og umbuna þeim. Auk þess felst ýmis rekstrarkostnaður við sjálfboðastarf. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er kostnaður sjálfboðastarfs Rauða kross Íslands fyrir árið 2002, 38.720.531 krónur. Á töflu 3. er búið að flokka deildir niður eftir því hver heildarkostnaður er við sjálfboðastörf. Eins og sjá má í töflunni er heildarkostnaður við sjálfboðastarf yfirleitt á bilinu 100 - 700. þúsund eða hjá 9 deildum. Hjá Reykjavíkurdeild er kostnaður við sjálfboðastarf meiri en 5.milljónir enda er sú deild langstærst og er með umfangsmestu starfseminna.

**Tafla 3: Heildarkostnaður við sjálfboðastörf**

Heildarkostnaður á bili	Fjöldi deilda á kostnaðarbili
≤ 100.000	4
100.001-700.000	9
700.001-2.000.000	5
2.000.001-5.000.000	3
≥ 5.000.001	1

Á mynd 1. má sjá hlutfallsega dreifingu helstu kostnaðarliða vegna sjálfböðastarfa á árinu 2002.

**Mynd 1: Dreifing kostnaðar á útgjaldaliði**




Ljóst er að kostnaðurinn liggur að miklu leyti í launum starfsfólks eða 62% af heildarkostnaði. Hér er um að ræða launakostnað vegna stuðnings, skipulags og samræmingar á sjálfböðastarfi. Næst í röðinni er byggingar- og rekstrarkostnaður (10%). Undir hann falla húsaleiga, viðhald á húsnæði, fasteignagjöld, rafmagn, hiti, sími og annar rekstrarkostnaður. Mismunandi er á milli deilda hversu mikill þessi kostnaður er og fer hann til dæmis eftir hvort ráðist hafi verið í viðhald á húsnæði á árinu og hversu umfangsmikil starfsemi deildanna er. Það er umdeilanlegt hvernig telja á fram byggingar- og rekstrarkostnað varðandi sjálfböðaliða. Oft er þessi kostnaður ekki eingöngu vegna sjálfböðaliða, heldur er um að ræða kostnað sem gæti að hluta til verið fyrir hendi þrátt fyrir sjálfböðaliðana. Í þessari rannsókn var farin sú leið að láta viðkomandi deildir meta þetta sjálfar. Svörin endurspeglar að verið gæti að þessi kostnaður sé ofátlaður hjá sumum deildum. Kostnaður við auglýsingar til að laða að sjálfböðaliða, þjálfun og kynningarefni er 8%. Ferðakostnaður er 8% og er um að ræða ferðir á ýmsa fundi samtakanna og ferðir erlendis vegna samstarfs vinadeilda. Stjórnsýsla, stuðningur og viðurkenningar fyrir sjálfböðaliða er 7% af kostnaði. Hér er til dæmis um að ræða fréttabréf, viðurkenningar og umbun fyrir vel unnin störf. Lítil kostnaður er vegna fundargagna og veitinga fyrir sjálfböðaliða eða um 3% og kostnaður vegna trygginga á sjálfböðaliðum og ýmis annar kostnaður er einungis 2%.

Í samanburðarrannsókn sem gerð var 1999 með VIVA aðferðinni í nokkrum löndum í Evrópu var launakostnaðurinn yfirleitt hæstur þó nokkuð væri mismunandi hversu hár hann var eftir samtökum (Gaskin, 1999).

#### 4.2 Kostnaður svæða við sjálfböðastarf

Á mynd 2. má sjá heildardreifingu kostnaðar svæða við sjálfböðastarf. Við túlkun niðurstaðna þarf að hafa í huga að svörun var mjög mismunandi eftir svæðum og starfsemi deilda innan svæða er einnig ólík að umfangi.

**Mynd 2: Dreifing kostnaðar eftir svæðum**



Ljóst er að kostnaður á höfuðborgarsvæðinu er mestur eða 67% af heildarkostnaði, enda er öflugasta starfsemin þar. Eins ber að nefna að svörun var mest á höfuðborgarsvæðinu eða tæplega 67%. Norðurland er næst í röðinni með 18% og munar þar helst um starfsemi Akureyrardeildar, sem er með umfangsmestu starfsemina á því svæði. Kostnaður á Austurlandi er 7% og Vesturland er með 4%. Á Suðurlandi og Vestfjörðum var kostnaður minni en erfitt er að draga ályktanir af þeim niðurstöðum þar sem svörun var ekki nægilega góð á þeim svæðum. Þrátt fyrir að svörun hafi verið mismunandi eftir svæðum, þá má leiða líkur að því að kostnaðurinn gefi nokkuð rétta mynd af kostnaði eftir svæðum. Ljóst er að starfsemin á höfuðborgarsvæði er mjög umfangsmikil og þar sem eru stærri þéttbýliskjarnar er yfirleitt meiri starfsemi.

#### 5. Framlag sjálfböðaliða innanlandsstarfs Rauða krossins

Seinni hluti spurningalistans er um verkefni sjálfböðaliða og hversu margar klukkustundir sjálfböðaliðar unnu á árinu 2002. Sjálfböðastörfum var skipt í stjórnar og nefndarstörf, fataflokkun, söfnun og pökkun, umönnunarstörf, fræðslu- og kynningastörf, þjónustustörf og fjársafnanir (sjá skilgreiningar á störfunum á bls. 8 hér að framan). Einnig er fjallað um fjölda sjálfböðaliða í innanlandsstarfi Rauða krossins.

### **5.1 Fjöldi sjálfboðaliða hjá innanlandsdeildum Rauða kross Íslands.**

Samkvæmt gagnabanka Innanlandsskrifstofu Rauða krossins eru 996 skráðir sjálfboðaliðar. Þar af hafa verið gerðir sjálfboðaliðasamningar við 714 þeirra. Hér er eingöngu átt við þá sem vinna reglulegt sjálfboðastarf hjá Rauða krossi Íslands. Taka verður fram að um það bil helmingur sjálfboðaliða Rauða krossins starfar innan Reykjavíkureildarinnar. Með reglulegu sjálfboðastarfi er átt við að sjálfboðaliðar leggi af mörkum vinnu til dæmis viku- eða mánaðarlega yfir lengri tímabil. Þau sjálfboðastörf sem unnin eru hjá Rauða krossinum eru af margvíslegum toga. Misjafnt er eftir deildum um hvers konar sjálfboðastörf er að ræða og hversu umfangsmikil þau eru.

Taka verður mið af því að verið er að vinna að gerð sjálfboðasamninga og þar af leiðandi hafa ekki verið gerðir samningar við alla þá sem vinna regluleg sjálfboðastörf í innanlandsstarfi Rauða kross Íslands. Fyrir utan þá sem vinna regluleg sjálfboðastörf eru fjölmargir sem leggja Rauða krossinum lið í einstökum verkefnum svo sem í söfnuninni Göngum til góðs. Sem dæmi má taka að á árinu 2002 tóku 1426 sjálfboðaliðar þátt í því verkefni og söfnuðu 30 milljónum.


### **5.2 Framlag sjálfboðaliða**

Samkvæmt niðurstöðum VIVA rannsóknarinnar lögðu sjálfboðaliðar samtals um 66.411 klukkutíma að mörkum við sjálfboðastörf á árinu 2002. Heildarklukkustundafjöldi er fenginn með því að margfalda fjölda sjálfboðaliða í hverjum sjálfboðaflokki með fjölda tíma sem er unninn. 66.411 klukkustundir samsvara 32 ársverkum. Ársverk eru reiknuð þannig út að fjölda vikna á ári er deilt í heildarklukkustundafjölda og deilt með 40 vinnustundum. Þetta samsvarar því að Rauði kross Íslands þyrfti að ráða um 32 starfsmenn í fulla vinnu til að sinna þeim verkefnum sem sjálfboðaliðar vinna í þeirri 21 deild sem svaraði spurningalistanum.

Á mynd 3 má sjá klukkustundafjölda eftir sjálfboðaflokkum og hlutfallslega dreifingu hans.

Það má skipta þeim tíma sem sjálfboðaliðar vinna í fjóra meginþætti. Mesta framlagið er til stjórnar- og nefndarstarfa. Hér er um 21.631 klukkustund að ræða eða 33% af heildarklukkustundafjölda (10.4 ársverk). Tekið skal fram að hér er bæði átt við setu á fundum og þá vinnu sem formenn og aðrir stjórnarmeðlimir sinna fyrir utan fundarsetu. Næst í röðinni eru Þjónustu- og umönnunarstörf eru 19.602 klukkustundir eða 30% (9.4 ársverk). Flokkun, pökkun og framleiðsla sem er 14.264 stundir eða 21% (6.9 ársverk). Í fræðslustarfi, fjáröflun og neyðarvörnum var minna framlag. Þar voru samtals 10.913 klukkustundir lagðar af mörkum eða 16% af heildarklukkustundafjölda (5.2 ársverk).


### **Mynd 3: Klukkustundafjöldi og hlutfallsleg dreifing eftir sjálfböðaflokkum**



#### **5.3. Framlag sjálfböðaliða eftir svæðum**

Á mynd 4. má sjá klukkustundafjölda dreift eftir svæðum. Ljóst er að sjálfböðaliðar leggja fram flestar klukkustundir á höfuðborgarsvæðinu eða 73% af heildarklukkustundafjölda (23.1 ársverk). Skýringin á þessu er sú að starfsemin á höfuðborgarsvæðinu er umfangsmest, auk þess sem svörun var mest á höfuðborgarsvæðinu. Norðurland fylgir á eftir með 14% af heildarklukkustundafjölda (4.6 ársverk). Hjá öðrum svæðum er klukkustundafjöldi frá 1 - 5% (0.4 - 1.6 ársverk).

**Mynd 4: Klukkustundafjöldi og hlutfallsleg dreifing eftir svæðum**




#### **5.4. Efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa eftir verkefnum**

Á mynd 5. má sjá efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa og hlutfallslega dreifingu þess eftir verkefnum. Þessar tölur eru fengnar með því að meta sjálfboðastörf til samsvarandi launa á vinnumarkaði og margfalda með þeim klukkustundafjölda sem sjálfboðaliðarnir lögðu af mörkum innan hvers sjálfboðaflokks. Á bls. 8 má sjá mat á því hvernig mismunandi sjálfboðaflokkar voru metnir til launa. Heildar efnahagslegt gildi sjálfboðaliða í krónum talið er 112.329.600 krónur.

Efnahagslegt gildi stjórnar- og nefndarstarfa er tæplega 47 milljónir eða 41%. Þjónustu- og umönnunarstörf nema tæpum 30 milljónum eða 26%. Flokkun, þökkun og framleiðsla er tæpar 19 milljónir eða 17% og efnahagslegt gildi sjálfboðliða í fræðslustörfum, fjársöfnunum og neyðarvörnum er rúmlega 17.7 milljónir eða 16% .

**Mynd 5: Efnahagslegt gildi sjálfböðastarfa og hlutfallsleg dreifing eftir sjálfböðaflokkum**




### 5.5 Efnahagslegt gildi eftir svæðum

Mynd 6. sýnir efnahagslegt gildi og hlutfallslega dreifingu eftir svæðum. Ljóst er að efnahagslegt gildi á höfuðborgarsvæðinu er hæst eða 61 prósent. Eins og áður hefur komið fram var svörun best á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi sjálfböðaliða og umfang sjálfböðastarfsemi er mest þar. Næst í röðinni er Norðurland með 19% og Austurland með 12%. Efnahagslegt gildi er lægra á Vesturlandi, Suðurlandi og Vestfjörðum eða frá 1% til 4%.



**Mynd 6: Efnahagslegt gildi og hlutfallsleg dreifing eftir svæðum**



## 6. VIVA hlutfall

Markmiðið með VIVA aðferðinni er að meta efnahagslega þýðingu sjálfböðastarfa. Í rannsóknunum þar sem aðferðinni hefur verið beitt er VIVA hlutfallið allt frá 1 og upp í 13. Þó er algengast að hlutfallið sé á bilinu 3-8 (Gaskin, 1999; Finlands Röða Kors 2001; Danmarks Red Cross, 2002).

Í köflunum hér á undan var gerð grein fyrir kostnaði í tengslum við sjálfböðastarf hjá 21 deild Rauða krossins og efnahagslegu gildi sjálfböðaliða. Til að reikna út framlag sjálfböðaliða voru störf þeirra metin til samsvarandi launa á vinnumarkaði, auk launatengdra gjalda. Launin voru síðan margfölduð með heildarklukkustundafjölda. Valin var sú leið að nota mismunandi tímakaup fyrir ólík sjálfböðastörf.

Mismunandi er hvernig sjálfböðastörf hafa verið metin til launa með VIVA aðferðinni. Hjá danska Rauða krossinum var valin sú leið 1998 að nota mismunandi laun fyrir ólík sjálfböðastörf, en árið 2002 var heildarmeðaltal launa á almennum vinnumarkaði notað. Það sama var gert hjá finnska Rauða krossinum árið 2001. Á meginlandi Evrópu hefur sú leið verið farin að nota mismunandi laun fyrir ólík sjálfböðastörf. Ákveðið var að fylgja evrópurannsóknunum héraendis þar sem það var talið gefa raunsærri mynd af framlagi sjálfböðaliða.

Heildagildi sjálfboðaliða fyrir árið 2002 er 112.329.600.krónur. Heildarkostnaður við sjálfboðastörf er 38.720.600 krónur. VIVA hlutfallið fæst með því að deila heildargildinu í heildarkostnaðinn.

## VIVA hlutfall

<b>Heildarútgjöld sjálfboðastarfa</b>	<b>38.720.531 kr</b>	= 2,90
<b>Heildargildi sjálfboðastarfa</b>	<b>112.329.600 kr</b>	

VIVA hlutfallið hjá Rauða kross Íslands er 2.9. Þetta þýðir að hver króna sem kostað er til í sjálfboðastarfa þrefaldar um það bil gildi sitt.

## 7. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að svara hvert framlag og efnahagslegt gildi sjálfboðastarfa er í innanlandsstarfsemi Rauða kross Íslands. Niðurstöðurnar leiða í ljóst að hver króna sem kostað er til sjálfboðastarfa tæplega þrefaldar gildi sitt. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar leggja sjálfboðaliðar um 66.411 klukkustundir af mörkum til ýmissa verkefna. Það samsvarar því að Rauði kross Íslands þyrfti að ráða um 32 starfsmenn í fulla vinnu til að sinna þeim verkefnum sem sjálfboðaliðar vinna í þeirri 21 deild sem svaraði spurningalistanum.

Þannig má leiða líkur að því að sjálfboðaliðar séu efnahagslega hagkvæmir og leggi mikið af mörkum til þjóðarbúsins. Einnig gefa niðurstöðurnar yfirlit um hvers konar verkefnum sjálfboðaliðar sinna, fjölda sjálfboðaliða og þann kostnað sem fylgir sjálfboðastörfum.

Hafa verður í huga að með þessari aðferð er einungis efnahagslegt gildi metið en ekki þau áhrif sem sjálfboðastörf hafa í samfélaginu eða hvernig þau koma skjólstæðingum til góða. Það er efni annarra rannsókna.

Skóða verður niðurstöður í ljósi þess að um fyrstu rannsókn með VIVA aðferðinni er að ræða. Þannig komu upp ýmis álitamál sem læra má af og nota til að bæta aðferðina í rannsóknum hérlendis í framtíðinni. Hér má nefna að líklegt er að klukkustundafjöldi sjálfboðastarfa hafi verið vanmetin. Í ljós kom að svarendur, sérstaklega í minni deildum, voru ekki vanir að skrá þann klukkustundafjölda sem þeir sinntu sjálfboðastarfi. Skráningu á sjálfboðastörfum og klukkustundafjölda þarf að bæta hjá deildum Rauða kross Íslands til að unnt sé að gera hlut sjálfboðaliða Rauða krossins sýnilegri og meta til verðleika það óeigingjarna framlag sem þeir leggja af mörkum. Eins getur verið að kostnaður sé ekki skráður eins nákvæmlega hjá minni deildum og þeim stærri. Eins og áður var fjallað um getur verið að bygginga- og rekstrarkostnaður sé ofmetinn hjá sumum af deildunum. Til að unnt sé í framtíðinni að nota VIVA aðferðina á skilvirkari hátt er nauðsynlegt að gera slíkar rannsóknir með reglulegu millibili til dæmis á tveggja-þriggja ára fresti. Þá er mikilvægt að brýnt sé fyrir svæðum og deildum að skrá á kerfisbundinn hátt upplýsingar um fjölda sjálfboðaliða, verkefni og þann klukkustundafjölda sem sjálfboðaliðar leggja af mörkum. Verið gæti að þetta hlutverk ætti að vera í höndum svæðisfulltrúa sem eru launaðir starfsmenn Rauða krossins og annars launaðs

starfsfólks Rauða krossins. Það skal þó tekið fram að sumar deildir eru með ítarlegt skráningakerfi, en mikilvægt er að samræmi sé í skráningu hjá öllum deildum Rauða krossins.

Erfitt er að bera saman niðurstöður íslensku rannsóknarinnar og erlendra rannsókna. Það er ætíð erfitt að bera saman rannsóknir á milli landa, auk þess sem mismunandi aðferðir voru notaðar við að meta sjálfboðastörf til launa. Þó er ljóst að VIVA hlutfallið í erlendu rannsóknunum hefur verið frá 1-13 og fellur íslenska VIVA hlutfallið innan þeirra marka.

Það ber að leggja áherslu á að VIVA rannsóknir erlendis benda til að VIVA hlutfallið hjá samtökum sé lægra ef eftirfarandi atriði eru fyrir hendi:

*-Samtökunum er stjórnað af launuðu fagfólki*

*-Þar sem sjálfboðaliðar eru mikilvægir en sinna eingöngu ákveðnum verkefnum*

*-Þar sem skjólstaðingar og notendur eru með flókin vandamál og eiga undir högg að sækja í samfélaginu*

*-Þar sem sjálfboðastörfin eru vel skipulögð og krefjast sérfræðipækkingar og skilnings*

*-Þar sem vinna sjálfboðaliða er skipulögð af fagfólki*

*-Þar sem er sérstök þjálfun og endurmenntun fyrir sjálfboðaliða*

*-Þar sem handleiðsla, stuðningur og ráðgjöf fagfólks er nauðsynleg vegna eðlis þeirra sjálfboðastarfa sem innt eru af hendi*

*-Þar sem búnaður, tæki og húsnæði er sjálfboðaliðum að kostnaðarlausu*

*-Þar sem erfitt er að aðgreina almennan rekstrarkostnað samtakanna frá kostnaði vegna sjálfboðaliða (Gaskin, 1999).*

Allir ofangreindir þættir eiga að miklu leyti við um starfsemi deilda Rauða kross Íslands.

Ljóst er að fjárfesting Rauða kross Íslands er mikil í sjálfboðaliðum. Þeir fá námskeið, handleiðslu, ráðgjöf, stuðning og hvatningu. Stjórnun á skipulagi og samræmingu sjálfboðastarfa er oftast í höndum launaðs starfsfólks. Þessi fjárfesting er mikilvæg vegna þess að til að starfsemin megi blómstra og til að hún nýtist þeim sem á þurfa að halda þá þarf að laða að nýja sjálfboðaliða, halda þeim reyndari áhugasömum í verkefnum, þjálfa sjálfboðaliða og veita umbun fyrir vel unnin störf. Auk þessarar fjárfestingar þá er kostnaður við húsnæði og annan rekstur vegna sjálfboðaliða, sem oft er erfitt að greina frá almennum rekstrarkostnaði Rauða krossins.

Þrátt fyrir þessa fjárfestingu í sjálfboðaliðum þá sýna niðurstöðurnar að hver króna sem lögð er af mörkum vegna kostnaðar við sjálfboðastarf þrefaldar um það bil gildi sitt. Niðurstöðurnar leiða því skýrt í ljós hversu efnahagslega mikilvægir sjálfboðaliðar deilda Rauða kross Íslands eru fyrir starfsemi hans.

## Heimildir

Foster, V. (1997). What value should be placed on volunteering? in Pharaoh, C. (ed.). *Dimensions of the voluntary sector 1997*. London: Charities Aid Foundation.

Gaskin, K. (1999). *VIVA in Europe. A comparative study of the volunteer investment and value audit*. UK: Institute for Volunteering Research.

Ironmonger, D. (2002). *Valuing volunteering. The Economic value of volunteering in South Australia*. Melbourne: Households Research Unit. Department of Economics. University of Melbourne.

Danish Red Cross (2002). *The Volunteer investment and value audit*

Danish Red Cross (1998). *The Volunteer investment and value audit*.

Finlands Röda Kors (2001). *VIVA - Undersökning* (The Volunteer investment and value audit).

Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands (2002). *Ársskýrsla*.

Rauði kross Íslands (2002). *Ársskýrsla*.

Steinunn Hrafnadóttir (2003). Tengsl sjálfboðasamtaka og opinberra aðila í velferðarþjónustu í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

## Viðauki 1

Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild, félagsráðgjöf

### ***Rannsókn á gildi og efnahagslegu mikilvægi sjálfböðastarfa VIVA (Volunteer Investment and Value Audit)***

Kæri formaður

Á undaförnum árum hefur það færst í vöxt að sjálfböðasamtök standi fyrir rannsóknum til að meta gildi og efnahagslegt mikilvægi sjálfböðastarfa. Niðurstöður slíkra rannsókna eru m.a. notaðar við að; sýna fram á arðsemi sjálfböðastarfa og gildi þess starfs sem fer fram innan samtakanna, skipuleggja á markvissan hátt störf sjálfböðaliða, bæta skráningu og vinna að samningagerð við stjórnvöld og aðra aðila.

Rauði kross Íslands telur nauðsynlegt að meta gildi og efnahagslegan ávinning af sjálfböðastarfi sínu. Steinunni Hrafnisdóttir, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands mun annast framkvæmd rannsóknarinnar. Hildur Bergsdóttur félagsráðgjafarnemi verður aðstoðarmaður við rannsóknina. Ábyrgðaraðili Rauða krossins er Konráð Kristjánsson, deildarstjóri sjálfböðastarfs. Rannsóknin er einnig unnin í samstarfi við Katharine Gaskin sem vann lengi við “Institute for Volunteering Research” í Bretlandi, en starfar nú sem sjálfstæður ráðgjafi. Hún hefur þróað aðferðina VIVA (Volunteer Investment and Value Audit) til að meta gildi og efnahagslegan ávinning sjálfböðastarfs. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans mælir með aðferðinni meðal landsfélaga sinna. VIVA aðferðin hefur verið notuð af Rauða krossinum í Danmörku og Finnlandi og fjölda annarra sjálfböðasamtaka í Evrópu og Norður-Ameríku. Þessi aðferð hefur verið aðlöguð að íslenskum aðstæðum og mun verða notuð í þessari rannsókn.

Með aðferðinni er unnt að meta hve mikla vinnu sjálfböðaliðar deilda Rauða kross Íslands leggja af mörkum, hve mikill kostnaður felst í skipulagningu sjálfböðastarfa og efnahagslegt gildi slíkra starfa fyrir þjóðfélagið.

Af þessu tilefni er leitað til þín og þú beðin(n) um að fylla út meðfylgjandi spurningalista. Leiðbeiningar um útfyllingu spurningalistans eru hjálagaðar. Þegar þú ert búin (n) að fylla út listann lætur þú hann í meðfylgjandi frímerkt umslag. Spurningalistinn er einnig sendur í tölvutæku formi. Ef þið notið það, vinsamlega fyllið út listann og sendið hann í tölvupósti til [steinhra@hi.is](mailto:steinhra@hi.is) eða prentið hann út og setjið í umslagið sem fylgir.

Til að marktækar niðurstöður fáið er ákaflega mikilvægt að fá sem hæst svarshlutfall. Það er einlæg von okkar að þið sjáið ykkur fært að svara spurningalistanum og pósthleggja ekki síðar en **5. maí**.

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um rannsóknina eða gera athugasemdir, vinsamlegast hafið samband við Steinunni Hrafnisdóttir, lektor í félagsráðgjöf. Sími: 5255266/8240598.  
Tölvupóstur: [steinhra@hi.is](mailto:steinhra@hi.is)

Með bestu kveðju

Steinunn Hrafnisdóttir, lektor

## Viðauki 2

Háskóli Íslands: Félagráðgjöf

### *Leiðbeiningar við útfyllingu spurningalista*

#### **Kostnaður af sjálfboðastarfi**

Vinsamlega tilgreinið öll útgjöld tengd sjálfboðaliðum fyrir ykkar deild fyrir árið **2002**.

Safnið saman eftirfarandi kostnaðarliðum. Takið þessar tölur úr fjárhagsáætlun um sjálfboðastarf, sé hún til eða frá ársreikningum liðins árs. Metið kostnað ef raunveruleg upphæð liggur ekki fyrir. Gætið þess að tilgreina alla þá þætti er varða sjálfboðaliðana.

1. Laun þeirra sem hafa yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd á sjálfboðastarfi
2. Laun þeirra sem stjórna og styðja við sjálfboðaliða t.d. aðstoðarmenn framkvæmdastjóra og ritarar
3. Viðeigandi hlutfall launa alls annars starfsfólks sem kemur að stuðningi og stjórnun sjálfboðaliða
4. Kostnaður við auglýsingar og val á sjálfboðaliðum
5. Kostnaður vegna kynninga og þjálfunar (annars en launakostnaðar) sjálfboðaliða
6. Útgjöld vegna endurgreiðslu kostnaðar sem sjálfboðaliðar leggja út vegna sjálfboðastarf síns svo sem ferðakostnaður
7. Útgjöld vegna stjórnarsýslu, stuðnings og viðurkenningar fyrir sjálfboðaliða t.d. útgáfa fréttabréfs fyrir sjálfboðaliða, fundir og samkomur þeirra, viðurkenningar fyrir dygga þjónustu og skírteini
8. Kostnaður vegna búnaðar og gagna sem eru veitt sjálfboðaliðum að kostnaðarlausu
9. Útgjöld vegna húsnæðis og matar til handa sjálfboðaliðum
10. Tryggingarkostnaður vegna sjálfboðaliða
11. Byggingarkostnaður og útgjöld tengd sjálfboðaliðum t.d. leiga, rafmagn, símakostnaður. Hér er eingöngu um að ræða aðstöðu sem myndi ekki vera fyrir hendi nema vegna sjálfboðaliðanna.
12. Allur annar kostnaður sem ekki hefur verið upptalin en tengist sjálfboðaliðum eða starfi þeirra

#### **Gildi sjálfboðastarfs**

Tilgreinið bæði sjálfboðaliða sem leggja reglulega fram vinnu sína og þá sem vinna óreglubundið sjálfboðastarf, það getur falið í sér stjórnir, nefndir og fjárhaldsaðila, sjálfboðaliða sem leggja fram vinnu sína af og til eða tengt sérstökum atburðum eða tímum, svo og sjálfboðaliða við fjáröflun. Metið ef tölfraðilegar upplýsingar liggja ekki fyrir

## **Sjálfbóðaliðar sem leggja reglulega fram vinnu sína**

Tilgreinið ólík sjálfbóðastörf, hlutverk og tímafjöld sjálfbóðaliða þar. Safnið gögnum um dæmigerða sjálfbóðaviku.

### *Sjálfbóðaliðar sem leggja fram óreglulegt vinnuframlag*

1. Hér getur verið um að ræða setu í stjórnnum og nefndum; notið fundatíðni, -venjur og þann tíma sem þessir sjálfbóðaliðar leggja fram aukalega milli funda, reiknið saman heildar tímafjölda á ári fyrir þessa tegund sjálfbóðastarfs. Sjálfbóðaliða sem leggja fram vinnu sína af og til (fræðimenn og sérfræðingar sem samtökin ráðfæra sig við) eða sjálfbóðastarf tengt sérstökum árstíðum (t.d. göngum til góðs, sjálfbóðaliðar við jólabasar eða í sérstöku sumarstarfi).
2. Sjálfbóðaliðar í tengslum við fjársafnanir; reiknið eða metið fjölda vinnustunda sem sjálfbóðaliðar leggja til fjársafnana á ári hverju.

**Gangi ykkur vel**

**VIVA**  
**Útgjaldaliðir árið 2002**

Deild innan RKÍ: \_\_\_\_\_

<u>Útgjaldaliðir</u>	<b>UPPHÆÐ Á ÁRINU 2002</b>	<u>Athugasemdir</u> Vinsamlega látið skýringar fylgja með. Tilgreinið ef upphæð er byggð á mati.
1. Laun stjórnenda eða samræmingaraðila sjálfboðastarfs		
2. Laun stjórnenda sjálfboðaliða, aðstoðarfólks, ritara		
3. % af launum annars starfsfólks, í samræmi við % af vinnutíma sem eytt er í stjórnun og stuðning vegna sjálfboðastarfs		
4. Auglýsingar og val á sjálfboðaliðum		
5. Kynningar og þjálfun fyrir sjálfboðaliða		
6. Ferðakostnaður og annar kostnaður sem sjálfboðaliðum er greiddur		



7. Útgjöld vegna stjórnáslu, stuðnings og viðurkenninga fyrir sjálfboðaliða t.d. útgáfa fréttabréfs sjálfboðaliða, fundir og samkomur þeirra, viðurkenningar fyrir dygga þjónustu og skírteini		
8. Búnaður og gögn sem sjálfboðaliðar fá að kostnaðarlausu		
9. Húsnæði og matur fyrir sjálfboðaliða		
10. Tryggingar vegna sjálfboðaliða		
11. Byggingar og rekstrarkostnaður tengdur sjálfboðaliðum		
12. Annar kostnaður, gefið skýringar í þar til gerðum dálki		

**VIVA**  
**Gildi sjálfböðastarfs**  
**2002**

Deild innan RKÍ: \_\_\_\_\_

**Reglulegt sjálfböðastarf (gögn miðuð við dæmigerða sjálfböðaviku)**

<b>Hlutverk sjálfböðaliða</b> Tilgreinið hlutverk og starfsheiti sjálfböðaliða	<b>Heildarfjöldi klst. innan hvers sjálfböðastarfsflokks</b>	<b>Athugasemdir</b> Tilgreinið helstu verkefni og starfslýsingar. Ef hægt er stingið upp á samsvarandi störfum á launamarkaði. Tilgreinið vikufjölda á ári sem tiltekinn sjálfböðastarfsflokkur er starfandi (ef færri en 52)
1.		
2.		
3.		
4.		
5.		

**Óreglulegt sjálfboðastarf (tölur á ársgrundvelli)**

<b>Hlutverk sjálfboðaliða</b>	<b>Heildar vinnustundir árið 2002</b>	<b>Athugasemdir</b> Vinsamlega svarið eftirfarandi spurningum.
Stjórnir, nefndir og fjársýsla		
Fjár safnanir		Hversu miklu var safnað?
Sjálfboðaliðar sem leggja fram vinnu sína af og til eða í tengslum við ákveðnar árstíðir/verkefni (tilgreinið ef ekki er skörun við reglulegt sjálfboðastarf)		Hlutverk sjálfboðaliða?

### Viðauki 3

Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild, félagsráðgjöf

#### *Rannsókn á gildi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa VIVA (Volunteer Investment and Value Audit)*

Kæri formaður

Með eftirfarandi bréfi vil ég vekja athygli þína á því að í aprílmánuði síðastliðnum voru sendar út, til allra deilda innan Rauða krossins, upplýsingar og eyðublöð til útfyllingar vegna VIVA; rannsóknar á efnahagslegum ávinningi sjálfboðastarfs á vegum Rauða kross Íslands. Framkvæmd rannsóknarinnar er í höndum undirritaðrar Steinunnar Hrafnisdóttur lektors í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Rannsókninni sem hér um ræðir er ætlað að gefa heildstæða mynd af sjálfboðastarfi innan Rauða kross Íslands auk þess sem hún þjónar tilgangi í alþjóðlegum samanburði. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans mælir með aðferðinni meðal landsfélaga sinna. VIVA aðferðin hefur verið notuð af Rauða krossinum í Danmörku og Finnlandi og fjölda annarra sjálfboðasamtaka í Evrópu og Norður-Ameríku.

Ef að þú hefur ekki haft tækifæri til að svara vil ég vinsamlega hvetja þig til þess að senda inn svör og eyðublöð sem allra fyrst. Það er mjög mikilvægt að fá eins hátt svarshlutfall og mögulegt er til að niðurstöður verði marktækar og gefi raunsæja mynd af framlagi sjálfboðaliða innan Rauða kross Íslands.

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um rannsóknina eða gera athugasemdir, vinsamlegast hafið samband við Steinunni Hrafnisdóttir, lektor í félagsráðgjöf. Sími: 5255266/8240598. Tölvupóstur: [steinhra@hi.is](mailto:steinhra@hi.is) eða [Hildi Bergsdóttur, aðstoðarmann \(hildurbe@hi.is\)](mailto:Hildi Bergsdóttur, aðstoðarmann (hildurbe@hi.is)).

Með bestu kveðju

Steinunn Hrafnisdóttir, lektor